Alþýðublaðið

Útgefandi: Alþýðuflokkurinn.
Ritstjóri: Helgi Sæmundsson.
Fréttastjóri: Sigvaldi Hjálmarsson.
Blaðamenn: Björgvin Guðmundsson og Loftur Guðmundsson.
Auglýsingastjóri: Emilía Samúelsdóttir.
Ritstjórnarsímar: 4901 og 4902.
Auglýsingasími: 4906.
Afgreiðslusími: 4900.
Áskriftargjald kr. 20.00 á mánuði.
Alþýðuprentsmiðjan, Hverfisgötu 8—10.

## *Heródes og Pílatus*

EINN af áhrifamönnum Sjálfstæðisflokksins hefur komizt svo að orði í kosningabaráttunni, að samtök Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins séu árásarbandalag, en samfélag Hannibals Valdimarssonar og kommúnista aftur á móti varnarbandalag. Hvort tveggja má til sanns vegar færa. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn leggja til atlögu við sérhagsmuni og óstjórn íhaldsins og ráðast gegn spillingu þess og þjóðsvikum. Það er sú árás, sem íslenzk alþýða hefur beðið eftir í tuttugu ár. En kommúnistarnir eru varnarbandalag íhaldsins. Sjálfstæðisflokkurinn virðist vonlaus um, að Þjóðvarnarflokkurinn verði honum lengur að gagni með því að dreifa atkvæðum vinstri manna. Og þá eru kommúnistarnir einir eftir. Þess vegna setja Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson von sína og traust á þá.

**Báðir þessir höfuðleiðtogar Sjálfstæðisflokksins bergmáluðu á landsfundi íhaldsins í vor skrum Hannibals Valdimarssonar um áhrifin af fundahöldum hans víðs vegar um land. Þeir höfðu ekki fyrir því að meta sannleiksgildið, en gripu dauðahaldi í hálmstrá blekkingarinnar. Og nú heitir Hannibal ekki ólukkufuglinn eða vitlausi maðurinn í skutnum, þegar Morgunblaðið gerir hann að umræðuefni. Þvert á móti kallar íhaldið hann öðru hvoru mikilhæfan verkalýðsleiðtoga og öðrum slíkum sæmdarheitum. Sigurður Bjarnason hefur látið í ljós þann fögnuð, að nú standi Hannibal við hlið sér í baráttunni. Og Bjarni Benediktsson er steinhættur að fordæma stefnu og framferði Rússa í utanríkismálum. Heródes og Pílatus eru orðnir vinir einu sinni enn.**

Allt þetta sýnir og sannar, að samfélag Hannibals Valdimarssonar og kommúnista er varnarbandalag íhaldsins. Þess vegna fellur hvert atkvæði, sem Alþýðubandalaginu er greitt, að minnsta kosti hálft á Sjálfstæðisflokkinn af því að það veikir sigurmöguleika Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins og torveldar þá stefnu, sem Hannibal Valdimarsson þykist vilja, en hefur raunverulega svikið með sundrungariðju sinni og þjónustu við kommúnista. Alþýðubandalagið verður í vonlausum og lánlausum minnihluta að kosningunum loknum. Sósíalistaflokkurinn tapaði 2000 atkvæðum 1953. Sú þróun mun halda áfram á sunnudaginn kemur, því að dulargervið er götótt og úlfshárin koma hvarvetna í ljós. Hlutverk Alþýðubandalagsins getur aðeins orðið það eitt að hjálpa íhaldinu.

**Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn taka ekki í mál samstarf við Sjálfstæðisflokkinn að kosningunum loknum. Bandalag þeirra er stofnað til þess að svipta Sjálfstæðisflokkinn völdum og áhrifum. Og sama er að segja um afstöðuna til Alþýðubandalagsins. Kommúnistum stoðar ekkert að halda því fram, að þeir geti fengið úrslitaáhrif í kosningunum og komizt í ríkisstjórn. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa báðir lýst sig slíku samstarfi andvíga og hafnað tilboðum þess efnis. Kosningarnar fara einmitt fram í sumar ári fyrr en kjörtímabilinu lýkur lögum samkvæmt af því að íhaldið og kommúnistar eru ósamstarfshæfir aðilar að dómi umbótaflokkanna. Staðreyndin er líka sú, að Sjálfstæðisflokkurinn einn hefur stofnað til þeirrar ábyrgðar að trúa kommúnistum fyrir landsstjórnarvöldum.**

Íslenzkir kommúnistar hafa verið varnarbandalag íhaldsins í 17 ár og eru það enn. Þeim óheillakapítula stjórnmálasögunnar þarf að ljúka á sunnudaginn kemur, og það geta lýðræðissinnaðir umbótamenn tryggt með því að veita Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum þingmeirihluta og láta draum alþýðunnar í tuttugu ár rætast.

## Áskriftasímar blaðsins

**eru 4900 og 4901.**

## Kosningaskrifstofur Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins

FRAMSÓKNAR- OG ALÞÝÐUFLOKKURINN hafa kosningaskrifstofur á eftirtöldum stöðum:

**AKRANES**
**Skólabraut 12. Sími 173. Opin alla daga frá 10—12 f. h. og 1—10 e. h.**

**ÍSAFJÖRÐUR**
**Austurvegi 2 í húsi kaupfélagsins, efstu hæð. Sími 400. Opin 10—12 f. h., 1.30—7 og 8.30—10 e. h.**

**SAUÐÁRKRÓKUR**
**Í húsi Kaupfélags Skagfirðinga. Opin alla daga 9—12 f. h., 1—7 og 8.30—10 e. h.**

**SIGLUFJÖRÐUR**
**Aðalgötu 12. Sími 15. Opin 10—12 f. h. og 1—10 e. h.**

**AKUREYRI**
**Skrifstofa Framsóknarflokksins: Hafnarstræti 95. Sími 1443. — Opin alla daga frá kl. 9 f. h. til 10 e. h.**
**Skrifstofa Alþýðuflokksins: Hafnarstræti 107. Símar 2018 og 2019. — Opin 10 f. h. til 10 e. h. alla daga.**

**SELFOSS**
**Skrifstofan hefur síma 73. Opin alla daga frá 10 f. h. til 10 e. h.**

**VESTMANNAEYJAR**
**Strandgötu 42. — Opin alla daga frá 1—10 e. h.**

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR**
**Skrifstofan er í Turnerhverfi við flugvöllinn. Sími 709. — Opin alla daga frá 10 f. h. til 10 e. h.**

**KEFLAVÍK**
**Alþýðuhúsinu, Túngötu 1. — Sími 710. — Opin frá 2—10 e. h. alla daga.**

**HAFNARFJÖRÐUR**
**Alþýðuhúsinu við Strandgötu. Símar: 9985 og 9499. — Opin alla daga frá 10 f. h. til 10 e. h.**

**KÓPAVOGUR**
**Álfhólsveg 8. Sími 7006. — Opin 2—10 alla virka daga, sunnudaga 2—6 e. h.**

Stuðningsfólk Framsóknar- og Alþýðuflokksins er hvatt til að hafa samband við kosningaskrifstofurnar og veita upplýsingar, sem að gagni mega koma í kosningunum.

## Borgfirðingar!

**KOSNINGASKRIFSTOFA stuðningsmanna Benedikts Gröndal er að Skólabraut 12, sími 173.**

**Borgfirðingar, sem dveljið utan kjördæmisins, kjósið hið allra fyrsta hjá næsta yfirvaldi.**

**ALÞÝÐUFLOKKURINN**

## Ísfirðingar!

**KOSNINGASKRIFSTOFA stuðningsmanna Gunnlaugs Þórðarsonar er að Austurvegi 2, sími 400.**

**Ísfirðingar, sem dveljið utan Ísafjarðar, kjósið hið allra fyrsta hjá næsta yfirvaldi.**

**ALÞÝÐUFLOKKURINN**

# Neita að skipta um skoðun á Hannibal

## Nóg að skipta um skoðun á Stalin

**ÞEGAR kosningar nú í sumar voru ákveðnar, urðu kommúnistaforsprakkarnir miður sín af ótta. Þeir mundu eftir því, að þeir höfðu TAPAÐ RÚMLEGA 2000 KJÓSENDUM í síðustu kosningum. Þeir bjuggust auðvitað við því, að fylgistapið mundi halda áfram. Þegar Stalins-málið bættist við, fóru þeir að óttast algert hrun flokksins.**

**Um tíma settu þeir traust sitt á, að þeim yrði nokkur styrkur að liðsinni Hannibals. En nú hefur hvort tveggja skeð, að þeir hafa séð, að fylgi hans er miklu minna en hann hafði sjálfur talið þeim trú um, og svo hitt, sem verra er, að fjöldi kommúnista neitar að kjósa Hannibal. Þeim finnst nóg að hafa þurft að skipta um skoðun á Stalin. Þeir segjast ekki láta bjóða sér að skipta líka um skoðun á Hannibal, enda sé Stalin þó dauður, en Hannibal sprellifandi og samur við sig.**

# Dönsk listiðnaðarsýning haldin í Reykjavík á næsta hausti

## Íslenzk þátttaka í listiðnaðarsýningu í Augsburg í Þýzkalandi í sumar

**AÐ UNDANFÖRNU hefur félagið Íslenzk listiðn staðið í samningum við danska listiðnaðarfélagið um, að haldin verði dönsk listiðnaðarsýning í Reykjavík n. k. haust eða vetur. Eru nú miklar líkur á því að úr þessu geti orðið.**

Fimmtudaginn 14. þ.m. hélt félagið „Íslenzk listiðn" aðalfund sinn í Sjálfstæðishúsinu. Formaður félagsins, Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri, flutti skýrslu um nokkrar helztu framkvæmdir félagsins á liðnu strfsári. Ritari félagsins, Björn Th. Björnsson listfræðingur, sem var fulltrúi félagsins á sýningu og alþjóðlegu þingi um listiðnaðarmál í Helsingborg í fyrra, skýrði frá störfum þingsins.

**ÞÁTTTAKA Í ERLENDUM SÝNINGUM.**

Í samvinnu við vörusýninganefnd ríkisins tók félagið „Íslenzk listiðn" þátt í alþjóðlegri listiðnaðarsýningu í München vorið 1955. Öðru sinni tók félagið þátt í hinni alþjóðlegu listiðnaðarsýningu, sem aftur var haldin í München í vor. Hlaut íslenzka sýningin hina beztu dóma almennings og kunnáttumanna. Einn af ísl. sýnendunum, frú Ásgerður Ester Búadóttir hlaut heiðursskjal og gullverðlaun frá ríkisstjórninni í Bayern fyrir myndofið veggklæði. Skömmu eftir að sýningunni í München lauk, barst félaginu boð um, að taka þátt í sýningu á nýtízku silfur- og gullsmíði, sem haldin verður í Augsburg í Þýzkalandi síðar í sumar. Mjög er vandað til þessarar sýningar í Augsburg, en borgin er frá fornu fari víðfræg fyrir listrænt silfur- og gullsmíði. Aðeins 14 löndum, utan Þýzkalands, er boðið að taka þátt í sýningu þessari.

**NORRÆN LISTIÐNAÐARSÝNING.**

Í árslok 1957 verður haldin mikil norræn listiðnaðarsýning í París. Menntamálaráðuneytið franska, sem stendur að sýningunni, hefur boðið mennta málaráðuneyti Íslands að hafa forgöngu um þátttöku af Íslands hálfu.

**STJÓRNARKJÖR.**

Á aðalfundinum var stjórn kosin og hlutu þessir kosningu: formaður Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri, varaform. Sveinn Kjarval húsgagnaarkitekt og meðstjórnendur Björn Th. Björnsson listfræðingur, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, Þorleifur Kristófersson húsgagnateiknari og Gunnar J. Friðriksson forstjóri. Endurskoðendur voru kosnir Sigurður Guðmundsson arkitekt og Ágúst Sigurmundsson myndskeri.

Loks var á fundinum ákveðið, að stofna fimm manna sýninga- og gæðamatsnefnd.

## Frá kosninganefnd:

# Utankjörstaða atkvæðagreiðsla stendur yfir

**Í REYKJAVÍK er kosið hjá bæjarfógeta. Kosið er hvern virkan dag kl. 10—12 f. h. og 2—6 og 8—10 e. h. en á sunnudögum kl. 2—6. Kjörstaður er Melaskólinn (leikfimissalurinn).**

**Kjósendur, er dveljast erlendis geta kosið í skrifstofum sendiráða, aðalræðismanna, ræðismanna og vararæðismanna Íslands erlendis. Allar upplýsingar eru veittar í skrifstofu Alþýðuflokksins í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu, símar 5020 og 6724.**

**Gerið skrifstofunni upplýsingar um þá kjósendur, er dveljast að heiman, hvort heldur er hér eða erlendis, Greiðið atkvæði sem fyrst.**

KOSNINGANEFND.